

Lög um bændaskóla, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 26.

Lög um vátryggingarfélag fyrir vélbáta, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 27.

Lög um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 28.

Auglýsing um breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af kennslumálaráðherra 11. janúar 1938, nr. 29.

1

3. jan.

REGLUGERÐ

um starfsvið lögreglustjórans í Bolungavík.

1. gr.

Lögreglustjórinn í Bolungavík hefir á hendi hreppstjórastörf í Hólshreppi og fer um starf hans að þessu leyti samkvæmt lögum og reglugerðum um störf hreppstjóra. Þó eru laun fyrir hreppstjórastörf samkv. 1. gr. laga nr. 64 frá 1917 innifalin í launum lögreglustjórans samkv. 3. gr. laga nr. 14 frá 1934.

2. gr.

Lögreglustjórinn hefir á hendi innheimtu tolla og gjalda til rikissjóðs í Hólshreppi. Þar til heyrir: Innheimta vöru- og verðtolls, aðflutnings- og útflutningsgjalds, gjalds af innlendum tollvörutegundum og tollgæzla, innheimta vitagjalds, stimpilgjalds og stimplun skjala, innheimta á aukatekjum rikissjóðs, nema fyrir þau verk, sem sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu framkvæmir; innheimta manntalsbókargjalda þ. á. m. ellistyrktarsjóðsgjalds og reikningshald ellistyrktarsjóðs Hólshrepps, innheimta gjalda til slysatryggingar rikisins, gjalda til verðjöfnunarsjóðs, svo og innheimta annara opinberra gjalda, er greiðast eiga í Hólshreppi og sýslumaður hefir áður haft innheimtu á, þó að undanteknu erfðafjargjaldi, og gerir hann rikissjóði og öðrum hlutaðeigendum skil fyrir gjöldum þessum eftir þeim reglum, sem gilda á hverjum tíma um skil opinberra gjaldheimtumanna.

Fyrir manntalsþing ár hvert afhendir lögreglustjórinn sýslumanni fullsamda manntalsbók fyrir Hólshrepp og tekur síðan við og kvittar fyrir gjöldum þeim, er innheimtast á þinginu.

3. gr.

Lögreglustjórinn hefir á hendi fógetavald í Hólshreppi og fer um starf hans sem fógeta svo sem lög mæla fyrir.

4. gr.

Lögreglustjórinn hefir á hendi lögreglustjórn í Hólshreppi. Þar til heyrir: Almenn löggæzla, umsjón með allsherjarreglu, umsjón með heilbrigðismálum, eftirlit með öryggi skipa, lögskráning sjómanna, firmaskráningar, útgáfa leyfisbréfa til atvinnureksturs, löggingling atvinnubóka, útgáfa vegabréfa, útgáfa vottorða um uppruna vöru, útnefning mats- og skoðunarmanna utan réttar, svo og önnur hliðstæð störf, allt að því leyti, sem störf þessi hafa áður heyrt undir sýslumanninn í Ísafjarðarsýslu, svo og samskonar störf, er framvegis kunna að verða falin lögreglustjórum (sýslumönnum).

5. gr.

Lögreglustjórinn hefir dómsvald í lögreglumálum í Hólshreppi. Þar til heyrir: Öll meðferð almennra lögreglumála svo og rannsókn allra annara opinberra mála,

þó þannig, að komi það í ljós við rannsókn máls, að hún gefi ótvírað tilefni til höfðunar sakamáls, þá skal lögreglustjórinn víkja sæti og fá málið í hendur sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu. 1
3. jan.

6. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita í Hólshreppi og fer um þau störf hans að lögum. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar Hólshrepps og í nefndum hennar og hefir þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en fer eigi með atkvæði, nema hann sé einnig kosinn hreppsnefndarmaður. Lögreglustjóri stjórnar hreppsnefndarfundum.

7. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur löggilt lögreglustjóran sem fulltrúa sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu til þess að framkvæma ýms verk, sem lög nr. 79 frá 1919 heimila að falin séu fulltrúum sýslumanna og bæjarfógeta.

8. gr.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 14 1934, til að öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu.

2

6. jan.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan takmarka sýslunnar, eins þótt afréttir eða fénaður sé eign utansýslubúa. Hún sker úr ágreiningi og kærumálum er til hennar verður skotið samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Málefni þau, sem nefnd eru í 1. gr. standa undir umsjón og framkvæmd hreppsnefndanna í Norður-Ísafjarðarsýslu, hverrar í sínum hreppi. Þær skulu gæta þess að reglugerðinni sé hlýtt, og ef eitthvað er vanrækt, af því, sem hún ákveður eða brotið gegn fyrirmælum hennar, að fullar bætur komi fyrir. Hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, gera allar nánari ákvarðanir um fjallskil og aðrar framkvæmdir samkvæmt reglugerð þessari eftir þörfum. Þær hafa úrskurðarvald í öllum ágreinings- og kærumálum innan hrepps. Úrskurðum þeirra má skjóta til sýslunefndar. Verði ágreiningur milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum heyrir hann einnig undir úrskurð sýslunefndar og skal sá úrskurður hennar vera bindandi fyrir málsaðila.